	Hafnarfjarðarbær
Innk:	17/8 2017
Málsnr:	1708452
Bréfal:	710.3



Hafnarfjarðarkaupstaður  
Haraldur L. Haraldsson, bæjarstjóri  
Strandgötu 6  
220 Hafnarfirði

SAMGÖNGU- OG  
SVEITARSTJÓRNARRÁÐUNEYTIÐ

Sölvhólsgrötu 7 101 Reykjavík  
sími: 545 8200 postur@srn.is srn.is


Reykjavík 13. júlí 2017  
Tilv.: SRN17070027/6.90.1.0

Póst- og fjarskiptastofnun hefur vakið athygli ráðuneytisins á því að nokkur óvissa virðist ríkja um framtíð aðalsendistaða hljóðvarps og sjónvarps á höfuðborgarsvæðinu, þ.e. sendistaðanna á Vatnsendaharfi og á Úlfarsfelli. Er í því sambandi vísað til meðfylgjandi minnisblaðs stofnunarinnar um málið. Ljóst er að íbúar höfuðborgarsvæðisins hafa mikla hagsmuni af því að góðir sendistaðir hljóðvarps og sjónvarps á svæðinu séu tryggðir til frambúðar og að ekki verði röskun á slíkum útsendingum.

Með bréfi þessu vill ráðuneytið vekja athygli sveitarfélaganna á höfuðborgarsvæðinu á málinu og hvetja þau jafnframt til þess að tryggja þessari starfsemi varanlega og hentuga staðsetningu á svæðinu. Hefur ráðuneytið jafnframt falið Póst- og fjarskiptastofnun að leiða sveitarfélögin og aðra þá aðila sem aðkomu eiga að málinu saman til fundar með það að markmiði að varpa ljósi á umfang vandans og leiðir til úrbóta.

Fyrir hönd ráðherra

  
Ragnhildur Hjaltadóttir

  
Hermann Sæmundsson

Ljósrit: Mennta- og menningarmálaráðuneytið  
Umhverfis- og auðlindaráðuneytið  
Fjármála- og efnahagsráðuneytið  
Póst- og fjarskiptastofnun  
Fjölmíðlanefnd  
Skipulagsstofnun  
Samtök sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu

Samrit: Sveitarfélögin á höfuðborgarsvæðinu

1. The first part of the document discusses the importance of maintaining accurate records of all transactions and activities. It emphasizes the need for transparency and accountability in financial reporting.

2. The second part of the document outlines the various methods and techniques used to collect and analyze data. It includes a detailed description of the experimental procedures and the statistical tools employed.

3. The third part of the document presents the results of the study, showing the impact of the proposed changes on the overall performance of the organization. It includes a comparison of the data before and after the implementation of the new system.

4. The final part of the document provides a conclusion and recommendations for future research. It suggests that further studies should be conducted to explore the long-term effects of the proposed changes and to identify potential areas for improvement.



1708452  
7103



## PÓST- OG FJARSKIPTASTOFNUN

### Minnisblað

#### Skortur á sendastöðum fyrir hljóðvarp og sjónvarp á höfuðborgarsvæðinu

##### 1. Almenn

Samkvæmt 2. og 3. mgr. 1. gr. laga um fjarskipti nr. 81/2003 er það á meðal markmiða laganna að tryggja hagkvæm og örugg fjarskipti hér á landi og að landsmönnum öllum bjóðist aðgangur að fjarskiptaþjónustu. Dreifikerfi fyrir sjónvarps- og hljóðvarpsþjónustu eru fjarskiptanet sem falla undir gildissvið laganna. Þá er Póst- og fjarskiptastofnun falið það hlutverk samkvæmt 14. gr. laganna að skipuleggja tíðnirófið með þeim hætti að markmið laganna nái fram að ganga.

Með tilliti til þessa lögbundna verkefnis PFS og þess markmiðs fjarskiptalaga að fjarskiptaþjónusta eigi að vera hagkvæm, örugg og aðgengileg telur stofnunin sér vera skylt, sbr. 5. tölulið 1. mgr. 3. gr. laga nr. 69/2003 um Póst- og fjarskiptastofnun, að vekja athygli samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytisins á þröngri stöðu hvað varðar valkosti um nothæfa sendastaði fyrir hljóðvarp og sjónvarp á höfuðborgarsvæðinu. Eins og staðan er í dag stendur þetta í vegi fyrir auknu framboði á sjónvarps- og hljóðvarpsþjónustu fyrir hefðbundin dreifnet slíkrar þjónustu, auk þess sem það gæti haft í för með sér verulega röskun á aðgengi að umræddri þjónustu verði ákveðið að leggja niður einhvern af þeim fáu sendastöðum sem eru nú í notkun, t.d. vegna íbúðarbyggðar.

Þar sem um er að ræða mál sem varðar skipulagsmál sveitafélaga telur PFS að það eigi jafnframt erindi við viðkomandi sveitarfélög á höfuðborgarsvæðinu.

##### 2. Staða útsendinga á höfuðborgarsvæðinu í dag

Á höfuðborgarsvæðinu eru sendar út í lofti 23 hljóðvarpsdagskrár á FM tíðnisviðinu og u.þ.b. 20 sjónvarpsdagskrár á UHF tíðnisviðinu. Helstu sendistaðir fyrir hljóðvarp eru í dag á Vatnsendahvarfi og á Úlfarsfelli. Á Vatnsendahvarfi eru einnig sjónvarpsendar. Á hvorum stað fyrir sig er staðsettur nokkur fjöldi kraftmikilla senda sem ná góðri útbreiðslu á mest öllu höfuðborgarsvæðinu.

Nokkrar FM hljóðvarpsstöðvar eru með senda sem staðsettir eru inni í byggð. Þessir sendar eru afllitlir og ná ekki mikilli útbreiðslu. Þeir eru því ýmist notaðir af stöðvum sem sætta sig við takmarkaða útbreiðslu eða í undantekningartilvikum sem viðbót til þess að fylla upp í svæði þar sem sendingar frá aðalsendi nást ekki.

Óvissa ríkir um framtíð sendistaðanna á Vatnsendahvarfi og á Úlfarsfelli. Sendar hafa verið á Vatnsendahvarfi um áratuga skeið og upphaflega var svæðið í nokkurri fjarlægð frá íbúðabyggð. Íbúðabyggð hefur með árunum færst nær og samkvæmt nýlegum fréttum hefur

Kópavogsbær í hyggju að fjölga íbúðarhúsalóðum á svæðinu. Ekki hefur komið skýrt fram hvaða afleiðingar það mun hafa varðandi sendiaðstöðuna á hæðinni, en sennilegt er að æskilegt verði talið að sendarnir viki. Á Úlfarsfelli er Vodafone með sendiaðstöðu en hún er á bráðabirgðaheimild og ekki hefur fengist varanleg heimild frá Reykjavíkurborg sem tryggir aðstöðu á fjallinu til frambúðar.

### **3. Þörf fyrir góða sendistaði**

Það hefur ótvíræða kosti að hafa sendistaði sem standa hátt, en frá slíkum stöðum næst betri dreifing þar sem útvarpsmerki kemst þá frekar yfir smærri hæðir í landslagi. Sama er að segja um staðsetningu utan byggðar, en á slíkum stöðum er hægt að hafa aflmeiri senda sem draga lengra.

Ef útsendingakerfi er byggt upp með smærri sendum sem staðsettir eru á lægri stöðum inni í byggð verður meira um skuggasvæði og þá getur þurft að nota fleiri en eina senditíðni á hverja dagskrá til að ná viðunandi dreifingu. Slíkt leiðir til óskilvirkar nýtingar á tíðnirófinu og dregur úr mögulegum fjölda dagskráa á svæðinu. Þetta gæti ennfremur haft í för með sér að beita verði flóknari og dýrari aðferðum við útsendingar sem smærri útvarpsstöðvar ráða hugsanlega ekki við. Þannig gæti skortur á góðum sendistöðum á endanum dregið úr fjölbreytni á hljóðvarpsmarkaðnum og öryggi útsendinga.

Ekki er hægt að setja upp ótakmarkaðan fjölda senda á sama stað vegna truflanahættu. Það er því líklegt miðað við fjölda dagskráa sem sendar eru út á höfuðborgarsvæðinu að þörf sé fyrir a.m.k. tvo sendistaði þar sem hægt er að staðsetja aflmikla senda.

Flutningur sjónvarpsenda gæti haft í för með sér rask fyrir tugi þúsunda heimila þar sem UHF móttökulofnet eru stefnuvirk og í mörgum tilfellum þarf að breyta stefnu þeirra komi til flutnings.

### **4. Lausn til framtíðar**

Það getur verið nokkuð flókið mál að finna heildarlausn á þessu máli til frambúðar, enda getur þurft aðkomu margra aðila. Málið varðar hagsmuni íbúa í öllum sveitarfélögum á höfuðborgarsvæðinu og næsta nágrenni þess. Heppilegir sendistaðir geta fallið undir skipulagsvald mismunandi sveitarfélaga. Fleiri en eitt fyrirtæki eru í þeirri starfsemi að setja upp og starfrækja senda. Mismunandi leiðir geta komið til skoðunar t.d. að staðsetja senda á fjallstoppum og/eða byggja stór fjarskiptamöstur.

PFS telur því nauðsynlegt að þeir aðilar sem málið varðar, jafnt fyrirtæki sem stjórnvöld, taki stöðuna til skoðunar heildstætt og freisti þess að ná saman um skipulagningu sendistaða á höfuðborgarsvæðinu sem gætu tryggt almenningi fjölbreyttar og öruggar hljóðvarps og sjónvarpsútsendingar á svæðinu.